

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 28. febrúar 2014 í máli nr. E-219/2013:

A

(Reimar Pétursson hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Óskar Thorarensen hrl.)

Mál þetta höfðaði A með stefnu birtri 14. janúar 2013, á hendur íslenska ríkinu, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, Reykjavík. Innanríkisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra er stefnt fyrir hönd ríkisins. Málið var dómtekið 7. febrúar sl.

Stefnandi krefst greiðslu á 1.000.000 króna auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 12. júní 2011 til 30. september 2012, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en henni var veitt gjafsókn 19. febrúar 2013.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar, til vara að kröfur hennar verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 9. júní 2011 var Sérstökum saksóknara heimiluð símhlerun. Náði heimildin til að hlusta á og hljóðrita símtöl úr og í þrjú tiltekin símanúmer B, eiginmanns stefnanda, auk þess að nema SMS-sendingar og hlusta og hljóðrita samtöl við talhólf þessara símanúmera. Auk hinna tilgreindu símanúmera var aðgerð þessi heimiluð gagnvart öðrum símanúmerum og símtækjum „sem [eiginmaður stefnanda] hefur í eigu sinni eða umráðum ...“. Heimildir þessar voru veittar fyrir tímabilið frá og með 10. júní 2011 til 19. sama mánaðar.

Í skjóli þessa úrskurðar lét lögreglan hlera farsíma stefnanda. Ekki hafa verið lögð fram í dóminum nákvæm gögn um þá aðgerð. Einungis liggja frammi tvær upplýsingaskýrslur lögreglu. Önnur er skráð 13. júní 2011 kl. 14.45. Þar segir frá samtali eiginmanns stefnanda við annan mann kvöldið áður, en sími þess manns virðist einnig hafa verið hleraður vegna rannsóknar sama máls. Kemur fram að þeir hafi þurft að skipta um síma og það eiginmaður stefnanda viðmælanda sinn þá að hringja í farsíma eiginkonu sinnar, stefnanda. Er að sjá sem lögregla hafi ekki heyrt næsta samtal þeirra, en fram kemur að viðmælandinn hafi ekki hringt úr neinu

því númeri sem þá var hlerað. Síðan segir orðrétt í skýrslunni: „Nauðsynlegt er því að fá strax hlustun á símanúmerið ... sem [eiginmaður stefnanda] hefur auðsjáanlega aðgang að ...“

Síðari skýrslan er skráð sama dag kl. 16.20. Þar segir að samkvæmt áreiðanlegum upplýsingum rannsóknaraðila hafi áðurgreindir aðilar notast við farsíma maka sinna. Hafi þeir átt rúmlega 45 mínútna samtál í síma þessa um miðnætti kvöldið áður.

Frekari gögn hafa ekki verið lögð fram um aðdraganda þess að sími stefnanda var hleraður.

Fyrir dómi kom fram hjá Aldísi Hilmarsdóttur lögreglufulltrúa að hún hefði skrifað fyrir skýrsluna sem nefnd var. Hún hefði verið afhent stjórnanda rannsóknarinnar. Hún hafði ekki vitneskju um hver hefði ákveðið að hlera síma stefnanda. Hún sagði að símtöl sem væru hlustuð væru skráð í dagbók og þar kæmu helstu upplýsingar fram. Jónatan Guðbjartsson lögreglufulltrúi staðfesti að hann hefði ritað síðarnefndu skýrsluna. Hann mundi ekki eftir einstökum atriðum varðandi rannsóknina, þ. á m. hver hefði ákveðið að láta hlera síma stefnanda.

Jakob Þór Guðbjartsson, forstöðumaður hjá Fjarskiptum hf., sagði að beiðni um hlerun síma stefnanda hefði borist 13. júní kl. 15.45. Slíkar beiðnir bærust ætíð í tölvupósti og með fylgdi úrskurður sem veitti heimildina. Hann taldi að hlerun hefði staðið eins lengi og heimilað hefði verið í úrskurðinum.

Stefnandi sagði fyrir dómi að hún væri hjúkrunarfræðingur og starfaði ... Hún kvaðst hafa haft farsímanúmerið ... frá því að hún fékk fyrst farsíma, fyrir a.m.k. fjórtán árum síðan. Hún kvaðst ekki muna eftir því að hún hafi lánað símann sinn á þeim tíma sem hlerunin stóð yfir í júní 2011. Þá kvaðst hún ekki muna eftir því að hafa lánað eiginmanni sínum símann að kvöldi 11. júní 2011.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveðst krefjast miskabóta vegna ólögmætrar hlustunar, upptöku og öflunar upplýsinga um símtöl hennar á tímabilinu 12. til 19. júní 2011. Hún telur að bótaábyrgðin sé hlutlæg, sbr. 228. gr. laga nr. 88/2008. Til vara byggir hún á því að aðgerðirnar hafi verið saknæmar og ólögmætar.

Stefnandi segir að rannsókn Sérstaks saksóknara hafi beinst að eiginmanni hennar, en ekki að henni. Í júní 2012 hafi eiginmaður hennar fengið upplýsingar um símhlerun þessa. Hafi lögmaður sinn þá fengið þær upplýsingar frá embætti Sérstaks saksóknara að hlerunin hefði byggst á framangreindum úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur. Hafi embættið talið sér heimilt að hlera síma stefnanda þar sem eiginmaður hennar hefði haft umráð símans. Mótmælir stefnandi þessum skilningi. Hún hafi sjálf haft umráð þessa síma og símanúmer hennar sé ekki tilgreint í úrskurðinum.

Stefnandi vísar til 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Undanþágur verði að skýra

þröngt og þær verði að byggjast á lögum. Samkvæmt 1. mgr. 84. gr. laga nr. 88/2008 verði símhlerun aðeins beitt eftir sérstakri heimild í dómsúrskurði. Stefnandi byggir á því að hlerun á síma sínum og aðrar aðgerðir hafi ekki staðist þessar lögsmæltu kröfur. Hún eigi umræddan síma og hafi hann í sínum umráðum. Úrskurðurinn hafi því ekki heimilað hlerun símans og hljóti rannsakendum að hafa verið það ljóst. Því hafi aðgerðir lögreglu brotið gróflega gegn einkalífi stefnanda.

Þá telur stefnandi að óheimilt hefði verið að heimila hlerun með úrskurði. Rannsókuð hafi verið meint brot gegn 249. gr. almennra hegningarlaga og lögum nr. 145/1994 um bókhald. Hefðu því ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir þurft að standa til þess að heimila hlerun. Útilokað sé að slíkir hagsmunir hafi staðið til þess að hlera síma hennar. Ekkert hafi bent til annars en að hún hafi heimilað eiginmanni sínum afnot símans einu sinni.

Stefnandi krefst miskabóta vegna þess tjóns sem aðgerðirnar hafi valdið henni. Ábyrgðin sé hlutlæg eins og áður segir samkvæmt 3. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008. Til vara byggir stefnandi á því að aðgerðin hafi farið fram án heimildar í dómsúrskurði og hafi því verið ólögsmæt. Bótaskylda byggist þá á almennu sakarreglunni. Verði talið að heimild til hlerunar hafi falist í úrskurðinum byggir stefnandi til þrautavara á því að sá úrskurður hafi verið ólögsmætur og stefndi sé því bótaskyldur samkvæmt almennu sakarreglunni.

Stefnandi segir að aðgerðirnar hafi valdið sér miska. Með hlerun síma hennar hafi verið brotið gróflega og alvarlega á rétti hennar til friðhelgi einkalífs. Málið sé enn alvarlegra þar sem hún sé hjúkrunarfræðingur og ræði einatt viðkvæm heilbrigðismálefni um einstakar persónur í símann. Hún sé sár og reið, upplifi öryggisleysi og sér líði illa. Þá hafi hún ekki fengið neinar upplýsingar um aðgerðirnar og verið mætt af fullkomnu virðingarleysi af hálfu embættis Sérstaks saksóknara.

Fjárhæð kröfu sinnar miðar stefnandi við að um hafi verið að ræða sérstaklega alvarlega og ólögsmæta meingerð gegn persónu og einkalífi hennar. Þá hafi hún ekki valdið eða stuðlað að þessum aðgerðum.

Auk áðurgreindra lagareglna vísar stefnandi til XI. og XXXVII. kafla laga nr. 88/2008. Loks vísar hún til 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi mótmælir því að aðgerðir sérstaks saksóknara hafi verið ólögsmætar og að stefnandi eigi kröfu til miskabóta. Sími stefnanda hafi verið í umráðum eiginmanns hennar, en samkvæmt úrskurði héraðsdóms hafi verið heimilt að hlera síma sem hann hafði umráð yfir.

Stefndi byggir á því að ekki felist hlutlæg bótaregla í 3. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008. Þá séu heldur ekki uppfyllt þau skilyrði að aðgerðin hafi verið saknæm eða ólögsmæt. Aðgerðin hafi verið lögsmæt og uppfyllt skilyrði XI. kafla laga nr. 88/2008. Aðgerðin hafi verið heimil eins og áður segir samkvæmt úrskurði héraðsdóms. Þá hafi ekki verið brotið gegn 71. gr. stjórnarskrárinnar eða 8. gr.

Mannréttindasáttmála Evrópu.

Þá mótmælir stefndi því að engar forsendur hafi verið til að veita heimild til hlerunar eins og gert var með úrskurðinum.

Stefndi mótmælir því að aðgerðirnar hafi valdið stefnanda miska. Þá hafi ekki verið brotið gegn friðhelgi einkalífs hennar. Þá mótmælir stefndi þeirri fullyrðingu í stefnu að um hafi verið að ræða sérstaklega alvarlega ólögmeita meingerð gegn persónu og einkalífi stefnanda. Ósannað sé að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni, en sönnun tjóns sé skilyrði bóta samkvæmt 3. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008. Þá mótmælir stefndi því að skilyrði séu til að dæma bætur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga.

Stefndi telur að framlagðar upplýsingaskýrslur lögreglu og endurrit af samtali eiginmanns stefnanda og annars manns sem lá undir grun sýni að nauðsynlegt var að hlera síma stefnanda.

Varakrafa um lækkun er byggð á öllum framangreindum málsástæðum, en bent á að dómkrafa sé of há og ekki í neinu samræmi við dómvenju. Þá mótmælir stefndi því að vextir reiknist fyrr en frá þingfestingardegi.

Niðurstaða

Samkvæmt 81. gr. laga nr. 88/2008 er heimilt í dómsúrskurði að leyfa lögreglu hlustun eða upptöku símtala og annarra fjarskipta við síma í eigu eða umráðum tiltekins aðila. Í framkvæmd hefur þessi heimild verið nýtt þannig að lögreglu er heimiluð hlerun tiltekinna símanúmera, en auk þess allra símtækja í eigu og umráðum viðkomandi, án þess að önnur símanúmer séu tilgreind í úrskurði. Aðurnefndur úrskurður, er heimilaði hlerun á sínum eiginmanns stefnanda, er dæmi um þessa beitingu 81. gr.

Ekki þarf að leysa úr því hvort heimilt hafi verið að hlera síma eiginmanns stefnanda eins og heimilað var með úrskurðinum. Hins vegar er öldungis ljóst og óumdeilt að ekki var heimiluð hlerun á síma stefnanda.

Sími stefnanda var hleraður. Samkvæmt úrskurðinum var heimilt að hlera síma sem eiginmaður hennar hefði í sínum umráðum. Hvað í því felst er ekki skýrt nánar í lögunum og lögskýringargögn gefa ekki skýrar vísbendingar. Almennt verður að ætlast til þess að hinn grunaði hafi símann í vörslum sínum og fari með sem sinn eigin, þótt hann sé skráður á nafn annars aðila.

Vísbending sú sem lögregla byggði á þegar hún hóf hlerun síma stefnanda var sú að eiginmaður stefnanda hafði beðið viðmælanda sinn að hringja í númer símans. Í framangreindum skýrslum lögreglu er ekki fullyrt að hann hafi haft símann í umráðum sínum, einungis er sagt að hann hafi aðgang að honum.. Af því sem lögregla hafði í höndum þegar hlerun var fyrirskipuð verður ekki dregin sú ályktun að eiginmaður stefnanda hafi haft umráð símans. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að svo hafi verið í reynd. Var því ekki heimilt að hefja hlerun á síma stefnanda.

Það athugast í þessu sambandi að stefndi hefur ekki reynt með framlagningu gagna að sýna fram á að eiginmaður stefnanda hafi í raun haft umráð símans og notað hann á tímabilinu. Kom fram í skýrslum lögreglumanna fyrir dómi að öll símtöl í hleraða síma væru skráð, einnig þau sem er eytt. Var ekkert upplýst um notkun á síma stefnanda á tímabilinu.

Þar sem sími stefnanda var hleraður án heimildar á hún rétt á bótum fyrir fjártjón og miska sem af því leiðir, sbr. 3. mgr., sbr. 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008. Þarf ekki að leysa úr því hvort bótaregla þessi er hlutlæg, en aðgerðin var ólögsmæt gagnvart stefnanda. Þegar 3. mgr. áskilur að viðkomandi hafi orðið fyrir tjóni af aðgerðunum er með því vísað bæði til fjártjóns og miska. Af sjálfu leiðir að hlustun á einkasímtöl er rof á friðhelgi einkalífs og þarf ekki frekari sönnun um tjón að koma hér til.

Samkvæmt gögnum málsins hófst hlerun á síma stefnanda 13. júní, en ekki þann 12., eins og miðað er við í kröfugerð hennar.

Dæma verður stefnanda miskabætur samkvæmt b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1193, sbr. 13. gr. laga nr. 37/1999. Eru þær hæfilega ákveðnar 300.000 krónur. Ber sú fjárhæð vexti frá þeim degi er hlerun hófst, 13. júní 2011. Stefnandi krafðist bóta með bréfi lögmanns síns 31. ágúst 2012 og ber því að reikna dráttarvexti frá 30. september, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

Stefnandi hefur gjafsókn og ber ríkissjóði að greiða málskostnað hans. Er því rétt að málskostnaður milli aðila málsins falli niður, en gjafsóknarkostnaður stefnanda er ákveðinn 550.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Jón Finnbjörnsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, A, 300.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 13. júní 2011 til 30. september 2012, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 550.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Jón Finnbjörnsson

